

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **11.12.2019 kl. 21:20**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson og Ólafur Gíslason.**

Fundargerð ritaði: **Ásdís Lilja Hafþórsdóttir**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Tillaga lögð fram um að stjórnarmenn skipti með sér verkum með eftirfarandi hætti:

Varamaður: Guðmundur Örn Guðjónsson

Ritari: Ásdís Lilja Hafþórsdóttir

Gjaldkeri: Albert Ólafsson

Meðstjórnandi: Haraldur Gústafsson.

1.1. Ákvörðun: Samþykkt einróma.

1.2. Guðmundur tekur að sér að uppfæra heimasíðu sambandsins og upplýsingar hjá alþjóðasamböndum.

2. Breytingar á reglugerð um siðanefnd og siðareglur.

Tillaga frá Guðmundi um að breyta orðinu 'skyldu' yrði breytt í 'æskilegt' þar sem fjallað er um að að siðanefndarmenn sinni ekki öðrum stöðum innan BFSÍ.

2.1. Ákvörðun: Samþykkt. Ásdís sat hjá.

2.2. Guðmundur tekur að sér að breyta orðalagi og birta reglugerðina á bogfimi.is

2.3. Alberti var falið að skoða mögulegar umbætur á reglugerðinni og fjölda siðanefndarmanna.

3. Ákvörðun um enskt heiti sambandsins.

Fyrirspurn um enskt heiti sambandsins barst frá WA. Tillaga um að enskt heiti sambandsins verði formlega World Archery Iceland (WAI) í samræmi við ensk heiti á landsamböndum Danmerkur og fleiri landa.

3.1. Ákvörðun: Samþykkt einróma.

3.2. Guðmundur sendir ákvörðun á alþjóðasambönd um enskt heiti sambandsins.

4. Breytingar á reglum um Íslandsmet.

Tillaga frá Guðmundi um að breyta orðalagi reglugerðar svo að hægt sé að sækja um að halda mót sem eru einungis hæf til Íslandsmeta eða mót sem eru hæf til Íslands-, Evrópu og heimsmeta. Kröfur til að halda Íslandsmetahæf og Evrópu/heimsmetahæf mót væru sömu og WA skilgreinir, en gefur möguleika á að gefa smá slaka gagnvart Íslandsmetahæfum mótum vegna aðstöðu og þróunarmálum í minni íþróttafélögum (t.d. vegna utan keppnisstaðar fyrirkomulags, fjölda skotmarka, fjölda dómara, o.s.frv.)

4.1. Ákvörðun: Samþykkt einróma.

4.2. Guðmundur tekur að sér að breyta orðalagi reglugerðar og birta hana á bogfimi.is

5. Afreksstefna BFSÍ 2020 – 2021 kynnt af Guðmundi og lögð fram til samþykktar.

5.1. Ártali stefnunar var breytt frá 2020-2021 í stað 2020-2022 með ráðgjöf frá afrekssviði ÍSÍ.

5.2. Ákvörðun: Samþykkt einróma.

5.3. Guðmundur tekur að sér að birta afreksstefnuna á bogfimi.is

6. Afrekssjóður ÍSÍ umsókn

Umsóknarblað ASJ kynnt af Guðmundi og lagt til að stjórn samþykki að umsókn verði send til ÍSÍ í núverandi formi.

6.1. Ákvörðun: Samþykkt einróma.

6.2. Guðmundur tekur að sér að senda umsóknina til afrekssviðs ÍSÍ

7. Umræður og staða verkefna:

7.1. Guðmundi falið að stofna kennitölu BFSÍ og ljúka því sem þarf til að klára bogfiminefnd ÍSÍ ef hægt er fyrir lok árs 2019.

7.2. Alberti falið að stofna reikninga fyrir sambandið hjá Íslandsbanka.

7.3. Ólafi var falið að skipuleggja og halda formannafund í mars ásamt umræðu frá Ólafi um málefnið og skipulag fundarins.

7.4. Albert ræddi um stefnumótun BFSÍ. Miklar umræður urðu um málefnið og ýmsir fletir ræddir.

Fundi slitið kl. **22:20**

Áætlað er að næsti fundur BFSÍ verði haldinn 5 janúar. Fyrr ef þörf krefur.